

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Vesturbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 615/1996, sbr. samþykkt nr. 273/1998.

1. gr.

Í stað orðsins „þriðjudag“ í 1. mgr. 12. gr. samþykktarinnar kemur: miðvikudag.

2. gr.

Í stað orðsins „fimmtudag“ í 49. gr. samþykktarinnar, sbr. samþykkt nr. 273/1998, kemur: miðvikudag.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. samþykktarinnar, sbr. samþykkt nr. 273/1998:

a. b- og e-liðir 3. tölul. B falla brott.

b. 7. tölul. B orðast svo:

Fræðslunefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með verkefni grunn-skóla, leikskóla og tónlistarskóla skv. lögum sem um þessa málaflokka gilda hverju sinni. Fræðslunefnd fer með stjórn bókasafna í bæjarfélögum skv. lögum um almenningsbókasöfn eins og þau eru hverju sinni. Nefndinni skal sett sérstakt erindisbréf af bæjarstjórn.

c. Við B hluta bætist nýr töluliður, er verður 15. tölul., svohljóðandi:

Barnaverndarnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu. Fjórir fulltrúar af fimm og jafnmargir til vara í sameiginlega barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Verkefni nefndarinnar eru skv. lögum nr. 58/1992, sbr. einnig 32. gr. laga nr. 40/1991.

d. Við B hluta bætist nýr töluliður, er verður 16. tölul., svohljóðandi:

Öldrunarnefnd. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin verði sem sjálfstæð nefnd og starfar skv. 5. gr. laga nr. 82/1989.

e. Við B hluta bætist nýr töluliður, er verður 17. tölul., svohljóðandi:

Íþróttá-, æskulýðs- og menningarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með verkefni íþróttá-, æskulýðs-, lista- og menningarmála skv. lögum sem um þessa málaflokka gilda hverju sinni. Nefndinni skal sett sérstakt erindisbréf af bæjarstjórn.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. ágúst 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.